

13. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, aukafundur 28.12 2018, Végarði kl. 13:30

Mættir allir aðalmenn: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórun Ingólfssdóttir, Jóhann F. Þórhallsson og Lárus Heiðarsson.

Dagskrá

Umsóknir um rekstur gistihúsa og tjaldsvæðis við Végarð.

Gunnþórunn fór yfir umsóknarferilinn og samskipti við fasteingarsala, en umsóknarferstur rann út 20 desember. Fimm umsóknir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Hörður Guðmundsson

Helga Vigfúsdóttir

Fyrir hönd Fljótsdalsgrundar, Jósef Valgarð Þorvaldsson og Helga Vigfúsdóttir

Sigríður Hulda Stefánsdóttir

Rannveig Heiðarsdóttir og Sveinn Ingi Hjálmarsson

Gunnþórunn vakti athygli á mögulegu vanhæfni vegna tengsla við umsækjendur, kosið var um vanhæfi hennar og það samþykkt samhljóða.

Lárus vakti athygli á að Sveinn Ingi er bróðursonur mágkonu hans. Lárus hefur þó aldrei hitt Svein. Sveitarstjórn sammála um að ekki er um vanhæfi hans að ræða.

Gunnþórunn vék af fundi og Lárus tók við fundarstjórn. Anna Bryndís Tryggvadóttir 3. varamaður kom til fundar.

Varaoddvita falið að sjá um framhald málsins vegna vanhæfis oddvita.

Samþykkt að funda með öllum umsækjendum 2 janúar 2019 í Végarði. Lögfræðingur sveitarfélagsins mætir á fundinn. Varaoddvi mun hafa samband við umsækjendur og boða á fundinn.

Núverandi leigusamningur rennur út um áramótin og samkvæmt honum þarf að fara fram úttekt og skráning á mannvirkjum og búnaði sem leigutaki hefur haft á leigu og skulu báðir aðilar vera viðstaddir. Varaoddvita falið að koma málinu í farveg.

Þörf er á að uppfæra eignalista gistihússins.

Jóhann vék af fundi kl. 16:15

Fundi slitið klukkan 16:40

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Anna Bryndís Tryggvadóttir (sign)